

Sæl kærur nemendur og forráðamenn

Það var skemmtileg stund hér í hádeginu þegar gjöf foreldrafélagsins, pool borðið, var formlega tekið í notkun. Oddviti átti fyrsta leikinn gegn fulltrúa foreldraráðsins og fór með sigur af hólmi í æsispennandi leik. Það er von okkar að vel verði gengið um þessa frábæru gjöf en foreldrafélagið gaf nemendum einnig tvö taflborð sem búið er að stilla upp í matsal.

Hvað varðar **umgengni** þá er það ekki eingöngu pool borðið sem þarf að ganga vel um, það þarf líka að huga að matsalnum. Langflestir nemendur ganga frá eftir sig en það má alltaf gera betur. Sérstaklega hvað varðar flokkun og frágang á úrgangi. Við erum umhverfisvænn skóli og leggjum áherslu á flokkun. Nýjar flokkunartunnur hafa verið keyptar í matsalinn með fleiri flokkunarmöguleikum og verður vonandi til þess að nemendur hjálpi enn betur til í að huga að umhverfinu. Hjálpumst að við að halda skólanum okkar hreinum og snyrtilegum og göngum vel um.

Við tókum nýlega upp nýja skráningu í mat til að sporna enn frekar **gegn matarsóun** og bendum á að nú skrá bæði starfsmenn og nemendur sig í heitan mat í hádeginu rafrænt. Skráningu nemenda er að finna **á heimasíðu skólans** undir hnappnum „Matarskráning nemenda“. Valmöguleikar birtast þar í skjali, alltaf einn grænmetisréttur og einn hefðbundinn auk þess sem salatboxin eru í boði alla daga. Nýr matseðill birtist á hverjum fimmtudegi og þá er hægt að fara inn og velja sér af matseðil vikunnar. Þó nemendur skrái sig ekki í heitan mat er mötuneytið að sjálfsögðu áfram opið með hefðbundið vöruframboð.

Þá viljum við benda á að við tókum nýlega appelsínusafa úr sölu í mötuneyti vegna ofnæmis nemanda. Í því samhengi ítrekum við að hér er blátt bann við öllu sem inniheldur sítrus. Dæmi um það eru einmitt appelsínur, sítrusdrykkir, mandarínur og fleira af þessari ætt. Vonandi verða nemendur okkar duglegir að taka tillit til þessa og sýna samstöðu.

Okkur þykir ástæða til þess að minna á að öll notkun tóbaks er bönnuð í og við Flensborgarskólann. Þar er vape og notkun niktótínþúða meðtalin en starfsmenn okkar hafa þurft að hafa afskipti af nemendum upp á síðkastið hvað þetta varðar. Þúðarnir eru sjáanlegir hér um allt hús og virðast ekki alltaf rata í tunurnar.

Nú styttist heldur betur í vetrarfríð okkar en skólinn verður lokaður þá, 24. og 25. október. Valvika hefst svo í kjölfarið þann 26. október samkvæmt skólalagatali. Nýnemar velja ekki en eldri nemar geta fengið stuðning við valið sem verður auglýstur þegar nær dregur.

Með kveðju,

Júlía

Júlía Jørgensen

Aðstoðarskólameistari Flensborgarskóla

Vice Principal at Flensborgarskólinn, Upper Secondary School

Iceland

Sími : 354 565 0400

Sími : 354 691 7766

www.flensburg.is

